

AUGLÝSING

um umferð í Rangárþingi eystra.

Skipulags- og umhverfisnefnd Rangárþings eystra hefur, í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Suðurlandi, ákveðið eftirfarandi:

Sveitarfélagið er veghaldari Vallarbrautar, frá Hlíðarvegi að Ofanbyggðarvegi norðan Hvolsvallar.

1. Óheimilt verður að leggja ökutækjum meðfram Vallarbraut, nema í sérstaklega merktum og skilgreindum bílastæðum.

Ofangreint verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 250/2024. Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingar.

Hvolsvelli, 27. ágúst 2026.

F.h. Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 28. ágúst 2026